

vinna var látin sitja í fyrirúmi syrir öllu öðru. Þess vegna urðu allar hjúskapar tengdir og önnur aukaatriði að bíða þang-að til að síðasti naglinn var rekinn um haustið. Auðvitað hafði enginn mælt svo fyrir, en þessi hugmynd ríkti í sálum allra, frá æðsta „húsbóna“ og niðurúr. Það voru nokkurs konar órituð lög, og þeim lögum varð að hlýða.

Svo sem vitanlegt var, varð Bannihan að gjöra sér þessi lög að góðu, eins og aðrir, og það var líka ósköp vel þolanlegt fyrir hann um sumarið, meðan dagurinn rann npp skömmu eftir miðnætti, og hvor helmingur hans var ellesu kl. stundir, en í skamdeginu, um hinar koldimmu Desember-natur sem aldrei ætluðu að taka enda, fann Bannihan sárt til þess hversu þögnin og einveran voru kveljandi í litla kofanum hans uppi á milli klettabeltanna.

Eina dag kom Cree-Indiáni til hans þar í kofann. Hann var ósköp brjóstgéoður og heilmikill jasnaðaimaður. Hann sá þar best hversu misskift er mannanna láni, og sér stax að vor-kenna Bannihan það að þurfa að vera einn þarna í kofanum, en sjálfur kvaðst hann hafa fult hús af ungum og öldnum blóma-rósum. Hann endaði ræðu sína með því að bjóða Bannihan að velja úr hópnum ef hann vildi, en Bannihan mundi þá eftir „litla sólargeislanum“ sínum, glóhærðu gyðjunni, stígandi í himinadýrð sína hjá „Tómási frænda“ á hverju kvöldi, og það hleypti í hann meignum hrolli, svo hann hristi höfuðið. Hann sagðist reyndar vera mjög þakklátur fyrir boðið, en sér findist hann naumast boðlegur blómarósunum þar í dalnum, og með það fór Indiáninn.

Fregnin um nærveru þessa hvíta manns flaug eins og eldur í sinu um allar bygðir og óbygðir þar í nánd, og næsta Sunnudag þar á eftir kom Indiáninn aftur til Bannihans. Þá kom hann ríðandi og hafði stóra hersveit af blómarósunum með sér. Það, að þessir Indiánar áttu hesta, sýndi ljóslega stöðu þeirra í sinu þjóðfélagi. Þau settust öll að miðdegisverði hjá Banni-han, og hann reyndi að gjöra þeim viðtökurnar eins þóknанleg-ar og völ var á. Ein af þessum heimasætum var sérstaklega lagleg og aðlaðandi, og settist hún við hliðlna á gestgjafanum